

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
ust@ust.is



Reykjavík, 11. september 2019

Efni: Umsögn umtillögu að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal

Umhverfisstofnun kynnti með bréfi dagsett 13. júní 2019 tillögu að friðlýsingu að svæði sem er hluti Þjórsárdals. Jafnframt er kynnt tillaga að auglýsingu þar sem fram koma markmið og skilmálar friðlýsingarinnar. Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér erindið stöðja fyrirhugaða friðlýsingu þessa mikilvæga landsvæðis. Mikilvægir viðkomustaðir ferðamanna eru inná þessu svæði s.s. Hjálparfoss, Gjáin, Háifoss og Granni. Með friðlýsingu má vænta að enn frekar verði hugað að skipulagi og stýringu, sem mun koma gestum í nútíð og framtíð til góða.

Starfsemi á svæðinu.

Fram kemur í 14. Gr. friðlýsingarskilmála sem fjallar um starfsemi innan svæðisins að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi vegna verkefna innan svæðisins. Einkum vilja Samtökin benda á að horft sé til þess að verkefni tengd ferðaþjónustu sem hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið við Þjórsárdalslaug við Reykholt ætti að geta rúmast innan þeirra skilmála sem kynntir eru. Breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna fyrrgreinds verkefnis hafa nú þegar verið unnar.

Samtökin fagna því að með friðlýsingunni skapist betra tækifæri til að bæta stýringu og ekki síst með aukinni landvörslu má t vænta bættrar upplýsingargjafa. Mikilvægt er að umgengni um svæðið sér skipulagt og sýrt af fagmennsku og finna jafnvægi milli verndar og móttöku gesta, enda telja samtökin að hagsmunir náttúruverndar og ferðaþjónustu fari hér saman.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson